



Náttúrustofa Austurlands Ársskýrsla 2011





Ritstjóri: Rán Þórarinsdóttir.

Texti: Áslaug Lárusdóttir, Erlín Emma Jóhannsdóttir, Gerður Guðmundsdóttir, Halldór Walter Stefánsson, Jón Ágúst Jónsson, Kristín Ágústsdóttir, Rán Þórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson.

Ljósmyndir: Áslaug Lárusdóttir, Erlín Emma Jóhannsdóttir, Gerður Guðmundsdóttir, Halldór Walter Stefánsson, Jón Ágúst Jónsson, Rán Þórarinsdóttir, Skarphéðinn G. Þórisson og Stefán Bogi Sveinsson.

Ljósmynd á forsíðu: Gullsteinbrjótur. Mynd: SGÞ.

Ljósmynd innan á kápu: Holtasóley með óvenju mörg krónublöð. Mynd: SGÞ.

Prentun: Prentsmiðjan Oddi ehf.

Ágúst 2012



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI.....	4
UM STOFUNA.....	5
Mannauður.....	6
STIKLUR ÚR STARFSEMI	7
Hreindýraveiðikvóti	7
Mat á ágangi hreindýra	7
Rannsókn á hagagöngu hreindýra með hjálp GPS senditækja	8
Vöktun hreindýrastofnsins	8
Kortlagning burðarsvæða hreindýra	9
Alþjóðlegt samstarf um hreindýr	10
Gróðurvöktun á Vesturöræfum, Kringilsárrana og Fljótsdalsheiði	10
Umhverfisvöktun í Reyðarfirði	11
Vöktun fallryks við Háslón, á Brúaröræfum og Fljótsdalshéraði	11
Úttekt vegna vegagerðar um Hrafnkelsdal	11
Úttekt á varpdreifingu flórgoða á Héraði	12
Vöktun fugla á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar	12
Vöktun rjúpnastofnsins	12
Vöktun mófugla	12
Vöktun fiðrilda.....	13
Vöktun smádýralífs í Glúmsstaðadalssá.....	13
Grútarblautir fuglar	14
Náttúrugripasafnið í Neskaupstað	14
Botndýrarannsóknir vegna fiskeldis í Berufirði	15
Eftirlit með friðlýstum svæðum.....	15
Uppsalaá á Fljótsdalshéraði.....	15
Náttúrufræðinámskeið.....	15
Námskeið fyrir verðandi leiðsögumenn með hreindýraveiðum	16
Dagur hinna villtu blóma	16
Endurmenntun starfsmanna	16
Veiting umhverfisfána	17
Fuglaskoðun í fjarðabotnum	17
Fyrirspurnir	17
Heimasíða Náttúrustofunnar	18
Bókasafn Náttúrustofunnar.....	18
Náttúrustofuþing.....	18
Fræðsluerindi Samtaka náttúrustofa	19
Skólaheimsóknir og fræðsluerindi.....	19
FJÁRHAGUR	20
ÚTGÁFA OG KYNNING	21
Ritlisti.....	21
Erindi	23



Skálanesbjarg, Flatafjall og Dalatangi í Mjóafirði, séð frá Neshálsi í Loðmundarfirði. Mynd: SGP.

FORMÁLI

Sú skýrsla sem hér lítur dagsins ljós spannar sautjanda starfsár Náttúrustofu Austurlands. Markmið hennar er í senn að halda til haga og miðla upplýsingum um starfsemi Náttúrustofunnar.

Eins og ráða má af lestri skýrslunnar var starfsemin fjölbreytt og árið annasamt hjá starfsmönnum. Rannsóknir á hreindýrum, fuglalífi og gróðurfari voru fyrirferðamiklar í starfseminni. Náttúrustofan tók þátt í fjölmörgum viðburðum á árinu. Hæst ber Náttúrustofuþingið, sem að þessu sinni var í umsjón Náttúrustofu Austurlands. Þá hefur aukin áhersla verið lögð á fræðslu og miðlun upplýsinga um starfsemina.

Fastráðnir starfsmenn voru átta talsins í tæplega sjö stöðugildum. Að auki komu margir aðrir að starfsemi Náttúrustofunnar. Hafi allir þökk fyrir vel unnin störf. Engar breytingar urðu á starfsmannahaldi fyrr en í lok árs þegar einn starfsmaður fór í námsleyfi til Svíþjóðar. Starfsfólk Náttúrustofunnar hefur verið einstaklega duglegt að sækja sér aukna

menntun. Á árinu stunduðu fimm starfsmenn háskólanám í fjarnámi samhliða vinnu, þar af útskrifuðust tveir með viðbótargráðu.

Rekstur Náttúrustofunnar gekk eftir atvikum vel árið 2011. Heildarrekstrartekjur ársins námu 57,7 millj. kr., samanborið við 56,6 millj. kr. árið 2010. Rekstrarafgangur ársins nam 3,9 millj. kr. Rekstrarafgangurinn skýrist fyrst og fremst af lægri rekstrarkostnaði samanborið við árið á undan. Ákveðið hefur verið að verja hluta hans til endurnýjunar tækjabúnaðar.

Hér hefur verið stiklað á stóru um starfsemi Náttúrustofunnar síðastliðið ár. Það er von mín að þessi skýrsla megi gagnast öllum þeim sem vilja fræðast um starfsemi Náttúrustofunnar.

Jón Ágúst Jónsson
forstöðumaður

UM STOFUNA

Náttúrustofa Austurlands er rekin af Fjarðabyggð og Fljótsdalshéraði með stuðningi ríkis. Hún var formlega stofnuð 24. júní árið 1995, fyrst allra náttúrustofa. Frumkvæði að stofnun hafði sveitarfélagið Neskaupstaður, nú hluti Fjarðabyggðar. Árið 2008 varð Fljótsdalshérað aðili að rekstrinum. Höfuðstöðvar eru í Neskaupstað og starfsstöð á Egilsstöðum.

Náttúrustofan er þekkingar- og þjónustuaðili sem vinnur að rannsóknum, ráðgjöf og þekkingarmiðlun í tengslum við náttúrufar. Markmið hennar er að efla þekkingu á náttúru Austurlands.


Stofan starfar samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992 og lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994.

Hlutverk Náttúrustofunnar er:

- að stunda vísindarannsóknir
- að veita fræðslu og ráðgjöf
- að annast eftirlit með náttúru Austurlands
- að annast vöktun og rannsóknir á hreindýrum

Stofan er aðili að fræðasetrinu Búlandi í Neskaupstað og Vísindagarðinum á Egilsstöðum. Markmið samstarfsins er að skapa fjölbreytta rannsókn- og fræðslumiðstöð, þannig að úr verði eftirsóknarverður vinnustaður sem laðar að hæft starfsfólk.

Náttúrustofan er aðili að Samtökum náttúrustofa sem hafa það að markmiði að efla fræðslu, samstarf og starfsemi stofanna.



Skófir á steini í Svartafelli í Loðmundarfirði. Mynd: SGP.

Mannauður

Stjórn

- *Líneik Anna Sævarsdóttir*, formaður.
- *Valdimar O. Hermannsson*, meðstjórnandi.
- *Esther Kjartansdóttir*, ritari.

Starfsfólk

Á árinu störfuðu átta starfsmenn hjá Náttúrustofunni:



Jón Ágúst Jónsson, M.S. líffræðingur, annaðist daglegan rekstur auk þess að taka þátt í ýmsum verkefnum stofunnar.




Áslaug Lárusdóttir, skrifstofustjóri, sinnti almennum skrifstofustörfum auk þess að hafa umsjón með heimasíðu, bókasafni, tölvumálum og gagnavörslu.



Erlín Emma Jóhannsdóttir, B.S. líffræðingur, hafði umsjón með Náttúrugripasafninu í Neskaupstað og smádyrarrannsóknnum. Að auki kom hún að öðrum rannsóknnum og fræðslustarfsemi.



Gerður Guðmundsdóttir, M.S. plöntuvistfræðingur, hafði umsjón með gróður-rannsóknnum og vöktun fallryks. Kom til vinnu í mars eftir fæðingarorlof.



Halldór Walter Stefánsson, sérfræðingur, hafði umsjón með vöktun og rannsóknnum á fuglum. Tók einnig þátt í hreindýrarrannsóknnum.



Kristín Ágústsdóttir, B.S. landfræðingur, hafði umsjón með vöktun umhverfisþátta við álverið í Reyðarfirði og kortavinnslu ásamt því að aðstoða við önnur verkefni.



Rán Þórarinsdóttir, M.S. líffræðingur, verkstýrði kortlagningu á burðarsvæðum hreindýra, tók þátt í vöktun mófugla og hreindýra, og aðstoðaði við önnur verkefni.



Skarphéðinn G. Þórisson, B.S. líffræðingur, hafði yfirumsjón með vöktun og rannsóknnum á hreindýrum. Samhliða því kom hann að fugla- og gróður-rannsóknnum.

Margir aðrir komu að starfsemi stofunnar. Guðrún Á. Jónsdóttir aðstoðaði við rannsóknir og Sveinn H. Oddson aðstoðaði við tölvumál. Margir aðstoða við vöktun hreindýra og eru þeir helstu taldir upp hér:

- *Eiríkur Skjaldarson*
- *Grétar Karlsson*
- *Halldór Bergsson*
- *Hákon Hansson*
- *Jóhann G. Gunnarsson*
- *Jóhann Óli Einarsson*
- *Jón I. Sigurbjörnsson*
- *Reimar Ásgeirsson*
- *Sigurður Guðjónsson*
- *Skúli H. Benediktsson*
- *Skúli Sveinsson*
- *Sveinn Ingimarsson*
- *Sævar Guðjónsson*

STIKLUR ÚR STARFSEMI

Hreindýraveiðikvóti

Náttúrustofa Austurlands vinnur ár hvert tillögu að veiðikvóta byggð á upplýsingum úr vöktun hreindýrastofnsins. Kvótanum er skipt eftir aldri, kyni og veiðisvæðum og tillögur lagðar fyrir Hreindýraráð og Umhverfisstofnun. Tillaga Náttúrustofunnar miðast við að stuðla að sjálfbærri nýtingu stofnsins á skilgreindum veiðisvæðum í samráði við hagsmunaaðila.

Reynt er að viðhalda sambærilegu kynjahlutfalli og fyrirfinnst í stofnum sem ekki er veitt úr, eða um 6 tarfar á hverjar 10 kýr að hausti. Jafnframt er reynt að hafa fjölda dýra á hverju svæði vel innan marka sem talin eru geta valdið álagi á land. Að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar ákveður umhverfissráðherra kvóta fyrir næsta veiðitímabil. Náttúrustofan lagði til að kvótinn yrði 1009 dýr árið 2012.

Mat á ágangi hreindýra

Árlega metur Náttúrustofa Austurlands ágang hreindýra á einstakar jarðir á Austurlandi og gerir tillögu til Hreindýraráðs og Umhverfisstofnunar um skiptingu í ágangssvæði. Lagt var til að þau héldust óbreytt frá árinu 2011. Mat á ágangi er eitt af því sem lagt er til grundvallar ákvörðunar um arðsskiptingu. Ágangsmatið byggir á upplýsingum um hagagöngu hreindýra sem safnað er allan ársins hring. Heimamenn og aðrir áhugasamir eru hvattir til að tilkynna um hreindýrahópa og er þátttaka þeirra undirstaðan í þessum vöktunarlið.



Tófa að athuga hreindýrshaus og skinn fyrir utan Skóghlíð í Heiðarenda. Mynd: SGP.



Starfsmaður að athuga hreindýrshræ í Kringilsárrana. Mynd: SGP.

Vöktun hreindýrastofnsins

Frá því snemma árs 2000 hefur Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á íslenska hreindýrastofninum. Markmið vöktunarinnar er að afla gagna um stofninn þannig að hægt sé að veita ábyrga ráðgjöf um veiðipól, ástand stofnsins og ágang hreindýra. Helstu þættir sem fylgst er með eru dreifing, aldurs- og kynjahlutföll, frjósemi, nýliðun, dánartíðni og líkamlegt ástand dýranna. Gagnasöfnun er að stórum hluta unnin í samvinnu við áhugamenn um hreindýr. Þessi grunnvöktun er sígild og samfelld og breytist lítið milli ára.

Rannsókn á hagagöngu hreindýra með hjálp GPS senditækja

Þetta rannsóknaverkefni er meistaraverkefni líffræðings hjá Náttúrustofu Austurlands og er unnið í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Meginmarkmið þess er að auka skilning okkar á hagagöngu hreindýra, afmörkun einstakra hjarða og samskipti á milli þeirra. Megin áhersla er lögð á Snæfellsbjörð og samskipti hennar við Álftafjarðarbjörð. Hægt er að skoða ferðir dýranna á heimasíðu Náttúrustofunnar. Verkefnið er unnið með styrk frá Landsvirkjun.



Kýr með GPS staðsetningartæki um hálsinn. Mynd: RÞ.



Kúahópur í apríl. Mynd: SGP.



Giljafækja í Reyðarfirði. Mynd: EEJ.

Kortlagning burðarsvæða hreindýra

Náttúrustofa Austurlands hefur unnið að kortlagningu burðarsvæða Snæfellshjarðar fyrir Landsvirkjun frá árinu 2005. Markmiðið með kortlagningu burðarsvæða er að kanna hvort Kárahnjúkavirkjun og framkvæmdir henni tengdar hafi áhrif á burðarsvæði eða framvindu burðar. Snæfellshjörð er samheiti fyrir þau hreindýr sem haldið hafa til á Snæfellsöræfum, Fljótsdalsheiði, Jökuldalsheiði og láglendinu umhverfis þessar heiðar. Dreifing þessara dýra hefur hinsvegar verið að breytast nokkuð og er aðgreining þeirra frá hjörðum á Fjarðasvæðum ekki lengur ljós. Dreifing kúa á burðartíma hefur



Kýr með kálf í Sandvík. Mynd: RÞ.



Kýr með litla kálfa í Kringilsárrana. Mynd: RÞ.

verið breytileg milli ára og finnast færri og færri kýr á þeim burðarsvæðum sem skoðuð hafa verið frá 2005. Líklega eru burðarsvæði að færast til austurs en enn hefur ekki verið reynt að fara inn á þau svæði á burðartíma enda um tiltölulega ógreiðfær svæði að ræða.



Starfsmaður að leita að gróðurreitum í hávöxnu sefi á Vesturöræfum. Mynd: RÞ.

Gróðurvöktun á Vesturöræfum, Kringilsárrana og Fljótsdalsheiði

Náttúrustofan hefur unnið fyrir Landsvirkjun að undirbúningi á vöktun gróðurs á Vesturöræfum, í Kringilsárrana og á Fljótsdalsheiði frá árinu 2006. Markmiðið er að athuga hvort greina megi breytingar á gróðurfari í kjölfar myndunar Háslóns. Beitt er tveimur aðferðum í verkefninu. Annars vegar er þekja gróðurs metin yfir stór svæði með hjálp gervitunglamynda. Hins vegar er þekja og tegundasamsetning gróðurs metin sjónrænt í föstum mælireitum sem dreift hefur verið um svæðið.

Alþjóðlegt samstarf um hreindýr

Tveir starfsmenn Náttúrustofunnar mættu á stofnfund *Reindeer health assessment group* sem haldinn var í Osló í maí. Tilgangur þessa hóps er myndun öflugs tengslanets á alþjóðavísu þar sem áhersla er lögð á málefni sem tengjast heilbrigði hreindýra. Fundinn sóttu dýralæknar, líffræðingar og aðrir einstaklingar víða að sem vinna við rannsóknir á hreindýrum. Fáir koma að rannsóknum á hreindýrum á Íslandi og ómetanlegt fyrir Náttúrustofuna að auka samvinnu við aðrar þjóðir á því sviði.



Frá vinnufundi *Reindeer health assessment group* í Osló. Mynd: SGP.



Puntur. Mynd: SGP.



Gróður tekinn út í Reyðarfirði. Mynd: JÁJ.

Umhverfissvöktun í Reyðarfirði

Frá árinu 2004 hefur Náttúrustofan tekið þátt í umhverfissvöktun vegna álvers Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði. Markmið verkefnisins er að fylgjast með áhrifum álvers á gróður og vatn. Verkefnið er unnið fyrir verkfræðistofuna HRV í samstarfi við Rannsóknarþjónustuna Sýni. Ráðgjafi er Alan Davison, prófessor við Newcastle háskóla á Englandi.

Árið 2011 var vöktunin með hefðbundnu sniði. Gróður-, snjó- og vatnssýnum var safnað reglulega til efnagreininga. Jafnframt var ástand gróðurs metið sjónrænt og fylgst með sjaldgæfum tegundum plantna á svæðinu.

Vöktun fallryks við Háslón, á Brúaröræfum og Fljótsdalshéraði

Á vegum Landsvirkjunar hefur Náttúrustofan í samvinnu við Landsvirkjun og Matís ohf. tekið

þátt í mælingum á fallryki þar sem markmiðið er að meta áhrif Háslóns á rykmistur sem berst frá hálendinu norðan Vatnajökuls yfir Fljótsdalshérað. Settir hafa verið upp 18 mælar sem safna fallryki yfir sumartímann við Háslón, á Brúaröræfum og í byggð á Fljótsdalshéraði. Athuganir hafa staðið yfir öll sumur frá árinu 2005. Háslón fylltist fyrst haustið 2007 og frá sumrinu 2008 hefur verið möguleiki á áfoki frá bökkum lónsins fyrri part sumars þegar vatnsstaða í Háslóni er lág.

Úttekt vegna vegagerðar um Hrafnkelsdal

Að beiðni Vegagerðarinnar gerði Náttúrustofan úttekt á gróðurfari og fuglalífi við vegstæði fyrirhugaðs Jökuldalsvegar um Hrafnkelsdal. Einnig var lagt mat á verndargildi landslagsheilda og möguleg áhrif framkvæmda á hreindýr. Vettvangshluta lauk 2010 en tvær skýrslur um efnið komu út á árinu.



Álagapoka við Lönguhlíð í Jökuldalsheiði. Mynd: SGP.

Úttekt á varpdreifingu flórigoða á Héraði

Starfsmaður Náttúrustofunnar tók þátt í landsúttekt á varpdreifingu flórigoða sem er stýrt af Náttúrustofu Norðausturlands á Húsavík í samvinnu við aðrar náttúrustofur og Náttúrufræðistofnun Íslands. Starfsmaður Náttúrustofunnar kortlagði flórigoðapör á Héraði.

Vöktun fugla á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar

Frá árinu 2004 hefur Náttúrustofan tekið þátt í vöktun valinna fuglategunda á Héraði fyrir Landsvirkjun. Markmið verkefnisins er að meta áhrif Kárahnjúkavirkjunar á fuglalíf. Sumarið 2011 voru hávellur taldar á Lagarfljóti og á völdum vötnum í Fljótsdalsheiði. Skúmar voru taldir í og við farveg Jökulsár á Dal. Varþéttleiki heiðagæsa var metinn á sniðum á Vesturöræfum og hreiður talin á Eyjabökkum.

Vöktun rjúpnastofnsins

Náttúrustofan hefur um árabíl aðstoðað Náttúrufræðistofnun Íslands við vöktun rjúpnastofnsins á Austurlandi. Vor hvert er fjöldi óðalsbundinna karra talinn á sömu svæðum. Þannig fæst vísitala sem nota má til að meta breytingar á stofnstærð í tíma og rúmi. Að þessu sinni voru karrar taldir á Hrafnabjörgum og Rangá á Héraði og vegsniði á Úthéraði. Einnig tók starfsmaður stofunnar þátt í vísindaveiðum á rjúpu í Þingeyjarsýslu í október.



Flórigoði á hreiðri. Mynd: HWS.

Vöktun mófugla

Starfsmenn Náttúrustofunnar skráðu fjölda fugla á um 47 mælipunktum á Úthéraði í tengslum við mófuglavöktun. Um er að ræða punktmælingu þar sem fuglar eru taldir á GPS punktum. Stefnt er að því að fara reglulega í þessa punkta og bera saman breytingar í tegundasamsetningu og jafnvel þéttleika milli ára. Mófuglavöktun er verkefni í þróun og unnið í samstarfi fleiri náttúrustofa þar sem reynt er að nýta aðferðafræði sem komin er reynsla á og komið hefur vel út annarsstaðar.



Rjúpa (kvenfugl) að vetri. Mynd: HWS.



Skrautygla. Mynd: RP.

Vöktun fiðrilda

Náttúrustofan hóf vöktun fiðrilda á Austurlandi árið 2010. Árið 2011 var vöktunin óbreytt frá fyrra ári og voru fiðrildi veidd frá apríl til nóvember í sérstakar ljósgildir sem eru staðsettar í Neskaupstað, Hallormsstað og Jökuldal. Markmiðið er að nota fiðrildi sem vísihóp til vöktunar á umhverfi. Verkefnið er unnið í nánú samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, aðrar náttúrustofur, Skógrækt ríkisins og Pál Benediktsson bónda á Hákonarstöðum.

Vöktun smádýralífs í Glúmsstaðadalsá

Náttúrustofan fylgdist með smádýralífi í Glúmsstaðadalsá fyrir Landsvirkjun árin 2005 til 2008. Markmiðið var að vakta aukið vatnsrennsli og set í ánni á meðan aðgöng voru í byggingu. Vegna leka sem kom upp um sprungur úr aðrennslisgöngunum, bæði ofan árinna og í ánni sjálfri var vöktun haldið áfram árin 2010 og 2011.



Starfsmaður að kanna smádýralíf. Mynd: RP.



Horft yfir Gagnheiði til Dyrfjalla. Mynd: SGP.

Grútarblautir fuglar

Náttúrustofan fékk í hendurnar æðarblika í febrúar sem hafði fundist grútarblautur í fjörunni í Neskaupstað. Fuglinn var þveginn og þurrkaður og dvaldi í vörslu Náttúrustofunnar í tvo sólarhringa. Var hann fóðraður á rækjum og síðan sleppt inn á leiru. Virtist hann þá orðinn hinn hressasti og flaug á braut hreinn og sprækur.



Æðarbliki þurrkaður eftir grútarhreinsun. Mynd: ÁL.



Starfsmaður þrífur eggjasafn. Mynd: ÁL.

Náttúrugripasafnið í Neskaupstað

Náttúrustofan sá um viðhald safngripa og móttöku gesta utan hefðbundins opnunartíma á Náttúrugripasafninu fyrir Fjarðabyggð. Safnið er til húsa að Egilsbraut 2, ásamt Sjóminja- og smiðjumunasafni Jósafats Hinrikssonar og Myndlistarsafni Tryggva Ólafssonar. Þar má sjá fjölskrúðugt safn dýra, plantna og steina í skemmtilegri uppsetningu listakonunnar og leikmyndahönnuðarinnar Unnar Sveinsdóttur. Safnið var opið daglega á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst kl. 13:00 – 17:00. Gestamóttaka var í höndum Félags eldri borgara í Neskaupstað.



Náttúrugripasafnið í Neskaupstað. Mynd: ÁL.

Botndýrarannsóknir vegna fiskeldis í Berufirði

Náttúrustofa Austurlands og Náttúrustofa Vestfjarða fóru í sýnatöku á botndýrum vegna fiskeldis í Berufirði. HB Grandi er með starfrækt þorskeldi í Berufirði og starfsleyfi þess gerir kröfur um vöktunarmælingar á efnum í sjó og botndýrum á nokkurra ára fresti.



Starfsmenn á vegum Náttúrustofu Vestfjarða taka botnsýni á Berufirði. Mynd: EEJ.



Krakkar í nestispásu við Helgustaðanámu. Hluti af náttúrufræðinámskeiði stofunnar. Mynd: RP.

Náttúrufræðinámskeið

Í samvinnu við Ferðapjónustuna á Mjóeyri hélt Náttúrustofan námskeið fyrir krakka á aldrinum 8-10 ára á Eskifirði. Markmið námskeiðsins er að kynna krökkunum fjölbreytt lífríki íslenskrar náttúru. Farið var í nokkrar vettvangsferðir. Plöntur og dýr voru skoðuð, velt fyrir sér búsvæðum þeirra og lifnaðarháttum.

Eftirlit með friðlýstum svæðum

Náttúrustofan hefur um árabil annast eftirlit og gerð tillagna um úrbætur í fólkvangi Neskaupstaðar og fólkvangi og friðlandi í Hólmanesi fyrir Fjarðabyggð. Upplituð fræðsluskilti voru endurnýjuð eftir veturinn á báðum stöðum.

Uppsalaá á Fljótsdalshéraði

Náttúrustofa Austurlands vann umsögn á mögulegum áhrifum á lífríki Uppsalaár á Fljótsdalshéraði vegna áforma um lagningu háspennustrengs og fjarðskiptarörs yfir ána.



Stóriburkni í Hólmanesi. Mynd: EEJ.



Biðukolla. Mynd: RP.

Námskeið fyrir verðandi leiðsögumenn með hreindýraveiðum

Náttúrustofa Austurlands var fengin til að útbúa námsefni og kenna hluta af námskeiði fyrir verðandi leiðsögumenn með hreindýraveiðum sem haldið var á vegum Umhverfisstofnunar. Þáttur Náttúrustofunnar snéri að sögu hreindýra á Íslandi og vistfræði þeirra.



Tarfar í Norðurdal í Loðmundarfirði. Mynd: SGP.



Spáð í grös á námskeiði þekkingarnets Austurlands sem starfsmenn Náttúrustofunnar sóttu. Mynd: GG.

Endurmenntun starfsmanna

Nokkrir starfsmenn Náttúrustofunnar tóku þátt í vinnustofu um grös og starir sem haldin var á vegum þekkingarnets Austurlands helgina 3.-4. september. Leiðbeinandi var Guðrún Á. Jónsdóttir. Farið var í Hólmanesið og þar safnað grösnum og störum í ýmsum gróðurlendum auk gróðurs sem þótti áhugaverður. Einnig var unnið inni við greiningar á því sem safnað var. Þótti vinnustofan takast mjög vel.

Dagur hinna villtu blóma

Dagur hinna villtu blóma er samnorrænn dagur sem haldinn hefur verið árlega á öllum Norðurlöndunum frá árinu 2004. Þar gefst almenningi kostur á að fara í gönguferð um nágrenni sitt með leiðsögumanni sem fræðir áhugasama um plöntulíf á svæðinu. Hópur áhugafólks um plöntur sem kallar sig Flóruvini hefur umsjón með blómadeginum á Íslandi. Náttúrustofan hefur um árabíl aðstoðað Flóruvini við skipulagningu blómadagsins á starfssvæði stofunnar. Í ár rann blómadagurinn upp 19. júní. Líneik Anna Sævarsdóttir var fengin til að ganga með áhugasömum blómaunnendum og var farið um Hólmanes í blíðskaparveðri. Tuttugu manns mættu að þessu sinni og skoðuðu og skráðu tegundir í veðurblíðunni. Meðal sjaldgæfari tegunda sem fundust voru aronsvöndur, stóriburkni og vorperla.



Hvítt afbrigði bláklukku. Mynd: SGP.

Veiting umhverfisfána

Náttúrustofa Austurlands aðstoðaði Landvernd við úthlutun umhverfisfána á starfssvæði stofunnar. Grænfáninn er viðurkennt umhverfismerki í Evrópu sem er veitt skólum og leikskólum fyrir umhverfisstefnu og árangursríka fræðslu um umhverfismál. Árið 2011 veitti Náttúrustofa Austurlands leikskólanum Brekkubæ á Vopnafirði og Hádegishöfða í Fellabæ Grænfána fyrir hönd Landverndar. Tekið var við fánanum við hátíðlega viðhöfn og óskar Náttúrustofa Austurlands þessum leikskólum til hamingju með þennan árangur. Mættu fleiri stofnanir taka sér þessa leikskóla til fyrirmyndar.



Fánaafhending í Brekkubæ í Fellabæ. Mynd: SBS.



Ummerki eftir veggjatíflur. Sýnishorn sem barst stofunni til greiningar. Mynd: RP.

Fuglaskoðun í fjarðabotnum

Hinn árlegi fugladagur Ferðafélags Fjarðamanna og Náttúrustofu Austurlands var haldinn í blíðskaparveðri þann 7. maí. Þá var fuglaáhugamönnum á öllum aldri boðið að skoða fuglalíf undir handleiðslu sérfræðinga Náttúrustofunnar á leirum í Norðfirði og Reyðarfirði. Alls mættu 26 manns. Samtals sáust 29 tegundir fugla.

Fyrirspurnir

Talsvert er um fyrirspurnir og heimsóknir almennings með dýr, steina og plöntur til greiningar. Starfsfólk stofunnar tekur fúslega við öllum slíkum erindum og lætur einkis ófreistaðs til að greiða úr þeim. Takist það ekki er náttúrugripunum komið til annarra sérfræðinga. Árlega berast stofunni einnig formleg erindi til umsagnar, einkum frá umhverfisnefndum sveitarfélaga og Alþingis.



Vaskur hópur fuglaskoðara á Reyðarfirði. Mynd: HWS.




Sprungur í Hoffellsjökli. Mynd: SGP.

Heimasíða Náttúrustofunnar

Náttúrustofan hefur haldið úti heimasíðu frá árinu 2000. Þar má finna ýmsar upplýsingar um stofuna. Útgefið efni er að mestu aðgengilegt á síðunni. Leitast er við að færa reglulega inn fréttir af starfseminni, áhugaverðum viðburðum og fróðleik. Einnig hefur Náttúrustofan stofnað síðu á Fésbókinni þar sem hægt er að fylgjast með starfseminni. Slóðin á heimasíðu Náttúrustofunnar er: www.na.is

Bókasafn Náttúrustofunnar

Á þeim árum sem liðin eru frá stofnun Náttúrustofunnar hefur safnast upp nokkur bókakostur. Einkum er um að ræða sérfræðibækur á sviði náttúruvísinda. Sérstök áhersla er lögð á að safna saman öllu sem skrifað hefur verið um hreindýr á Íslandi. Safnkosturinn hefur verið skráður í Gegni og er að mestu leyti aðgengilegur almenningi. Bókasafn Náttúrustofu Austurlands er hluti af Rannsóknarbókasafni Austurlands sem þekkingarnet Austurlands heldur utanum. Safnkosturinn er staðsettur á hverri stofnun fyrir sig.



Heimasíða Náttúrustofunnar.



Hjörleifur Guttormsson heldur erindi á Náttúrustofupingi. Mynd: ÁL.

Náttúrustofuping

Sjöunda Náttúrustofuping Samtaka náttúrustofa var haldið í Egilsbúð í Neskaupstað miðvikudaginn 26. október. Alls mættu um 70 manns til að hlýða á fjölbreytt erindi starfsmanna náttúrustofa og gestafyrirlesara. Í kjölfar málþingsins fundaði starfsfólk náttúrustofa um sameiginleg málefni stofanna.



Blálilja og fjöruarfi. Mynd: RP.

Fræðsluerindi Samtaka náttúrustofa

Frá 2007 hafa Samtök náttúrustofa haldið úti reglulegum fræðsluerindum með hjálp fjarfundarbúnaðs. Stofurnar skiptast á um að halda erindi í hádegi síðasta fimmtudags hvers vetrarmánaðar, alls um fimm erindi á ári. Þegar best lætur eru hátt í 20 staðir sem móttaka erindin víðs vegar um landið og eru þau öllum opin. Árið 2011 var utanumhald og skipulag þessara fyrirlestra í umsjón Náttúrustofu Austurlands eins og verið hefur frá haustinu 2008. Frá upphafi eru erindin orðin 26 og rúmlega 40 manns sitja hvert erindi að meðaltali. Efniviður í erindin er sóttur úr öllum áttum. Fræðsluerindin auka þverfaglega þekkingu innan stofanna auk þess að kynna starfsemi þeirra.



Kynning fyrir útskriftarhóp leikskólabarna frá Egilsstöðum. Mynd: ÁL.

Fræðsluerindi Náttúrustofa

í fjarfundarbúnaði um land allt

Náttúrustofur eru sjö talsins og staðsettar í öllum landshlutum. Þar starfar hópur fagfólks á ýmsum fræðesvæðum. Náttúrustofurnar hafa myndað Samtök náttúrustofa (SNS) og standa nú fyrir fróðlegum fræðsluerindum í fjarfundarbúnaði víðs vegar um landið.

Fræðsluerindin eru alla jafna í hádeginu síðasta fimmtudag hvers mánaðar. Allir velkomnir.

Fylgjast má með erindunum á eftirfarandi stöðum:

- Reykjavík:** Fjarfundarbergi í kjallara Öðla
- Reykjanesbær:** Hóstið símenntunar á Suðurnesjum
- Stykkishólmur:** Háðjóðfóti
- Hvanneyri:** Vesturstofa í Ágarði (LBH)
- Bolungarvík:** Rannsóknasetur
- Ísafjörður:** Háskólastræt Vestfjarða við Suðurgötu
- Hólmavík:** Þróunarsetrið á fyrstu hæð
- Sauðárkrúkur:** Farskólinn Norðurlandi vestra
- Húsavík:** Þekkingarsetur Þingeyinga
- Þórshöfn:** Menntasetrið á þórshöfn
- Egilsstaðir:** VNA, Vöndaland
- Neskaupstaður:** PNA, Egilsbraut 11.
- Höfn í Hornafirði:** Nýheimar
- Vestmannaeyjar:** Þekkingarsetur Vestmannaeyja
- Selfoss:** Háskólafélag Suðurlands Glæðheimum

Fleiri staðir geta huganlega tengst við þess óskað.

Fimmtudaginn 26. janúar nk. kl. 12:15-12:45
flytur Rán Þórunnsdóttir, líffræðingur á Náttúrustofu Austurlands, erindi sitt:

"Hópatferli andarunga"

Næsta fræðsluerindi kemur frá Náttúrustofu Suðurlands, fimmtudaginn 23. febrúar 2012.

SNS
Samtök náttúrustofa

Auglýsing um fimmtudagsfyrirlestur.

Skólaheimsóknir og fræðsluerindi

Að venju komu nemar úr 10. bekk Nesskóla til Náttúrustofunnar í starfskynningu. Þeir voru fræddir um starfsemi stofunnar og falin verkefni þar að lútandi. Nemar í áfanganum lífsleikni við Verkmenntaskóla Austurlands komu einnig í vettvangsferð upp í Hjallaskóg.

Í september kom hópur líffræðinema úr Verkmenntaskóla Austurlands með ýmiss sýni sem þeir höfðu safnað úr Mývatni og Laxá. Nemendurnir nutu aðstoðar starfsfólks stofunnar við að greina sýnin.

Náttúrustofunni berast oft beiðnir um að halda fræðsluerindi við ýmiss tækifæri. Slík erindi geta verið hluti af lengri fyrirlestraröðum eða námskeiðum en einnig eru oft haldnir stakir fyrirlestrar. Slíkar kynningar geta verið fyrir leikskóla, skóla eða hópa áhugasamra aðila sem biðja um efni.




Dýjamosi. Mynd: SGP.


FJÁRHAGUR

Fyrirtækið Deloitte hf. annast könnun á ársreikningi, reikningsskil, skattskil auk bókhalds- og launavinnslu fyrir Náttúrustofu Austurlands.

Samkvæmt ársreikningi Náttúrustofunnar fyrir rekstrarárið 2011 námu heildarrekstrartekjur ársins 57,7 millj. kr. Rekstrarafgangur Náttúrustofunnar nam 3,9 millj. kr. og var sú upphæð færð til hækkunar á eigin fé stofunnar. Í árslok 2011 námu eignir Náttúrustofunnar 35,9 millj. kr. og eigið fé var 26,7 millj. kr. Frekari upplýsingar um fjárhag Náttúrustofunnar má finna í ársreikningi sem er birtur í sérstakri skýrslu.



Hlutfallsleg skipting gjalda árið 2011.



Yfirlit heildartekna Náttúrustofunnar frá árinu 1999 á verðlagi ársins 2011.



Þerribjörg. Mynd: RP

ÚTGÁFA OG KYNNING

Ritlisti

1. Beate Heide (2011). Rein på Island. Ságat [Samískt dagblað, viðtal við Rán Þórarinsdóttur um hreindýr á Íslandi]. Nr. 135. 55:15-17.
2. Erlín Jóhannsdóttir (2011). Uppsalaá. Umsögn unnin fyrir Landsnet. Náttúrustofa Austurlands, 2 bls.
3. Erlín Emma Jóhannsdóttir, Kristín Ágústsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson (2011). Jökuldalsvegur (923) um Hrafnkelsdal - Gróðurfar og verndargildi landslags. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Austurlands, NA-110106, 41 bls.
4. Erlín Emma Jóhannsdóttir (2011). Vöktun kræklingalirfa í svifi á Austurlandi árið 2010. Skýrsla til Vaxtarsamnings Austurlands. Náttúrustofa Austurlands, NA-110104, 12 bls.
5. Erlín Emma Jóhannsdóttir og Kristín Ágústsdóttir (2011). Áhrif gruggs á vatnalífriki Glúmsstaðadalsár - Niðurstöður vöktunar 2010. Unnið fyrir Landsvirkjun, LV-2011/066. Náttúrustofa Austurlands, NA-110112, 17 bls. + viðaukar.
6. Gerður Guðmundsdóttir (2011). Kárahnjúkavirkjun. Fallryksmælingar við Háslón, á Brúaröræfum, og í byggð á Fljótsdalshéraði sumarið 2010. Unnið fyrir Landsvirkjun, LV-2011-030. Náttúrustofa Austurlands, NA-110105, 14 bls.
7. Halldór Walter Stefánsson (2011). Hávellutalningar á Lagarfljóti. Unnið fyrir Landsvirkjun, LV-2011/038. Náttúrustofa Austurlands, NA-110110, 10 bls.
8. Halldór Walter Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson (2011). Vöktun heiðagæsa á vatnasviði Jökulsár á Dal og Jökulsár í Fljótsdal 2005-2010 - Áhrif Kárahnjúkavirkjunar á heiðagæsir. Unnið fyrir Landsvirkjun LV-2011-080. Náttúrustofa Austurlands, NA-110113, 34 bls.
9. Halldór W. Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson (2011). Fuglar og hreindýr í Hrafnkelsdal. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Austurlands, NA-110111, 18 bls.



Dyrfjöll. Mynd: SGP.

10. Jón Á. Jónsson, Áslaug Lárusdóttir, Erlín E. Jóhannsdóttir, Gerður Guðmundsdóttir, Halldór W. Stefánsson, Kristín Ágústsdóttir, Rán Þórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson (2011). Náttúrustofa Austurlands, ársskýrsla 2010. Náttúrustofa Austurlands, 21 bls.
11. Rán Þórarinsdóttir (2011). Kortlagning burðarsvæða hreindýra á áhrifasvæðum Kárahnjúkavirkjunar vorið 2010. Unnið fyrir Landsvirkjun, LV-2011/031. Náttúrustofa Austurlands, NA-110107, 25 bls.
12. Skarphéðinn G. Þórisson (2011). Hreindýr á Borgarfirði og í Víkum. Glettingur, nr. 55-56: 37-41.
13. Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir (2011). Tillaga um veiðikvóta og ágangssvæði 2011 og vöktun Náttúrustofu Austurlands 2010. Náttúrustofa Austurlands, NA-110109, 42 bls.



Hvitt afbrigði blágresis. Mynd: SGP.

Erindi

1. Halldór Walter Stefánsson (2011). Vöktun grágæsa á Héraði. Kynning á vöktunaráðstefnu Náttúrufræðistofnunar Íslands í húsi stofnunarinnar í Garðabæ, 28. apríl 2011.
2. Halldór Walter Stefánsson (2011). Ageing Geese By Bastard Wings. Veggspjald á NKV-ráðstefnu Umhverfisstofnunar á Grand Hotel í Reykjavík, 23.-25. maí 2011.
3. Halldór Walter Stefánsson (2011). Kynning á skýrslu um vöktun heiðagæsa á vatnasviði Kárahnjúkavirkjunar fyrir svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðar í Snæfellsstofu, 21. júlí 2011.
4. Halldór Walter Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson (2011). Kynning á vöktun heiðagæsa á vatnasviði Kárahnjúkavirkjunar. Erindi flutt á Náttúrustofupingi í Neskaupstað, 26.-27. október 2011.
5. Jón Á. Jónsson (2011). Starfsemi Náttúrustofu Austurlands. Erindi flutt á kvöldvöku Þekkingarnets Austurlands í Neskaupstað, 9. nóvember 2011.
6. Jón Á. Jónsson (2011). Kynning á starfsemi Náttúrustofu Austurlands. Erindi flutt fyrir Round Table 16 í Neskaupstað, 23. febrúar 2011.
7. Rán Þórarinsdóttir (2011). Hreindýr. Fyrirlestur haldinn á vegum Háskólastarinnar fyrir nemendur Menntaskólans á Egilsstöðum. Menntaskólinn á Egilsstöðum, 15. september 2011.
8. Rán Þórarinsdóttir (2011). Hreindýr I hluti. Gestafyrirlestur í áfanganum Vistfræði spendýra við líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, 1. nóvember 2011.
9. Rán Þórarinsdóttir (2011). Hreindýr II hluti. Gestafyrirlestur í áfanganum Vistfræði spendýra við líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, 2. nóvember 2011.
10. Rán Þórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson (2011). Hreindýr á Íslandi. Erindi flutt á námskeiði Umhverfisstofnunar fyrir verðandi hreindýraleiðsögumenn á Egilsstöðum, 10. júní 2011.



Jöklasóley. Mynd: SGP.

11. Rán Þórarinsdóttir, Skarphéðinn G. Þórisson, Halldór Walter Stefánsson og Erlín Emma Jóhannsdóttir (2011). SNS ferð á vegum Náttúrustofu Austurlands 2010 - Yfirlit yfir stöðu verkefna. Erindi á vinnufundi Samtaka náttúrustofa. Safnahúsið í Neskaupstað, 27. október 2011.
12. Skarphéðinn G. Þórisson (2011). Reindeer in Iceland. Erindi flutt fyrir meðlimi í Rangifer Health assessment group í Oslo 20.-21. janúar 2011
13. Skarphéðinn G. Þórisson (2011). Hreindýra-fyrirlestur í grunnskólanum á Hallormsstað, 18. febrúar 2011.
14. Skarphéðinn G. Þórisson (2011). Hreindýrafyrirlestur á aðalfundi leiðsögumanna með hreindýraveiðum á Egilsstöðum, 26. febrúar 2011 .
15. Skarphéðinn G. Þórisson (2011). Viðtal í sjónvarpsþættinum Landanum 1. mars 2011.
16. Skarphéðinn G. Þórisson (2011). Hreindýra-fyrirlestur í Hússtjórnarskólanum á Hallormsstað, 15. mars 2011.
17. Skarphéðinn G. Þórisson (2011). Austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs Hreindýr og heiðagæsir. Fyrirlestur á Vorráðstefna NAUST; Náttúruverndar-samtaka Austurlands. Hótel Framtíð Djúpavogi, 4. júní 2011
18. Skarphéðinn G. Þórisson (2011). Fræðsla í ferð Vana Vatnajökuls og Alcoa um Fljótsdalsheiði til að afhjúpa vörður 21. júní 2011.
19. Skarphéðinn G. Þórisson (2011). Fræðsla í fjölskyldugöngu UÍA í samstarfi við Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað og Náttúru-stofu Austurlands á Grænafellum 16. september 2011.
20. Skarphéðinn G. Þórisson (2011). Hreindýra-fyrirlestur í leikskólanum Tjarnarlandi á Egilsstöðum, 14. nóvember 2011
21. Skarphéðinn G. Þórisson (2011). Lýsing veiðisvæða. Námskeið Umhverfisstofnunar fyrir verðandi hreindýraleiðsögumenn. Egilsstöðum, 10. júní.



Rituungar á Borgarfirði eystra. Mynd: RP.



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

ADALSKRIFSTOFA
Mýrargata 10
740 Neskaupstaður
Sími: 477 1774
Fax: 477 1923
Heimasíða: www.na.is
Netfang: na@na.is

ÚTIBÚ
Tjarnarbraut 39b
700 Egilsstaðir
Sími: 471 2813 / 471 2774

